BLUE HORS

VÖRULISTI

BLUE HORS

NERVES & ENERGY
TAUGAR & ORKA

FEED SUPPLEMENT
BÆTIEFNI

HEALTH CARE
HEILBRIGÐI

GROOM HORSE
UMHIRÐA HESTS

GROOM EQUIPMENT
UMHIRÐA BÚNAÐAR

SJÁ EINNIG Í
VEFVERSLUN
LÍFLANDS
www.lifland.is

WE CARE ABOUT HORSES

NERVES & ENERGY
TAUGAR & ORKA

- ✓ Energy Control Daily
- ✓ Energy Booster
- ✓ B-Express
- ✓ Magnesium
- ✓ Energy Control Performance
- ✓ Relax/Relax Gel

FEED SUPPLEMENT
BÆTIEFNI

- ✓ Psyllium Husk
- ✓ Psyllium Sweet Apple
- ✓ Psyllium Pellets
- ✓ Gastrolar
- ✓ Multi Feed
- ✓ Mineral Cubes
- ✓ Natural Seaweed
- ✓ Tasty Treats
- ✓ Muscle Build
- ✓ Muscl' E-Vitamin
- ✓ Top Flex
- ✓ Electrolyte Liquid
- ✓ Electrolyte Daily
- ✓ Electrolyte Performance
- ✓ Electrolyte Re Cover
- ✓ Garlic & Honey
- ✓ Ferro Support
- ✓ Copper Support
- ✓ Omega Active
- ✓ Biotin
- ✓ Hip C-Boost

HEALTH CARE
HEILBRIGÐI

- ✓ Skinhealer
- ✓ Milk & Honey
- ✓ Eye Clean
- ✓ Wound Spray
- ✓ Iodine 10
- ✓ Aloe Vera Gel
- ✓ Anti Itch
- ✓ Thrush Care Spray
- ✓ Ventilator
- ✓ Hot & Cool
- ✓ Cool Clay
- ✓ Buzz Off

GROOM HORSE
UMHIRÐA HESTS

- ✓ Super-Shine
- ✓ Super Plait
- ✓ Hoof Shine
- ✓ Click'n Wash
- ✓ Wash'n Care
- ✓ Deluxe Shampoo
- ✓ White Matiné
- ✓ After Work Shampoo
- ✓ Clean & Dry
- ✓ Hoof Oil
- ✓ Hoof Oil Deluxe
- ✓ Hoof Cream
- ✓ Hoof Tar
- ✓ Bite-Stop Spray

GROOM EQUIPMENT
UMHIRÐA BÚNAÐAR

- ✓ Leather Cleaner
- ✓ Effekt
- ✓ Saddle Soap
- ✓ Golden Classic
- ✓ Leather Oil Spray
- ✓ Leather Conditioner
- ✓ Stable Intact

BLUE HORS

BLUE HORS – BÆTT VELFERÐ HESTSINS

Velferð hesta og vönduð umhirða er kjarninn í hugmyndafræði BLUE HORS. Vörulína þeirra er þróuð og sniðin að þörfum hrossa og með réttri notkun geta þær hjálpað til við að ná lengra og bæta heilbrigði þegar á reynir.

BLUE HORS línan skiptist upp í almenn bætiefni, bætiefni fyrir taugar og orku, sóttvarnir og hreinlæti, leðurhirðu og hesthús, auk vara fyrir hóf- og feldhirðu.

Lífland hefur lagt áherslu á bætiefnatengdar vörur, en engu að síður bjóðum við upp á vörur úr öllum flokkum og erum jafnt og þétt að bæta í úrvalið.

KOMDU VIÐ Í LÍFLANDI OG SKOÐAÐU BLUE HORS VÖRURNAR

BLUE HORS

WE CARE
ABOUT HORSES

NERVES & ENERGY

Notar hesturinn þinn orkuna rétt?
Bætiefni sem styðja við orkubúskap hestsins.

ENERGY CONTROL DAILY

VIRKNI INNAN FÁRRA DAGA

- ✓ Orkuefni fyrir aukið úthald til daglegrar notkunar
- ✓ Auðmeltanleg jurtafita
- ✓ Getur aukið vinnugleði og samstarfsvilja hests

Fóðrunarleiðbeiningar:

Hestur	Mikil þjálfun		Létt þjálfun	
	Daglega		Daglega	
500 kg	200 – 300 g	2 – 3	100 – 200 g	1 – 2
350 kg	150 – 200 g	1½ – 2	50 – 150	½ – 1½

Gefið hestum með minni orkuþarfir minni skammta. Daglegt hámark: 100 g pr. 100 kg líkamsþunga.
1 glas = 100 g **2,8 kg / 7 kg**

ENERGY BOOSTER

- ✓ Viðbótarprótein fyrir hesta undir miklu álagi
- ✓ Auðnýtanlegt og veitir aukið úthald og orku
- ✓ Gefið 1-2 tímum fyrir þjálfun/vinnu

Fóðrunarleiðbeiningar:

Hestur	Daglega	
500 kg	60 ml	1
350 kg	40 ml	⅔

1 túpa = 60 ml
Gefið um munn c.a. 1-2 tímum áður en virkni er þörf.
Tryggið frjálsan aðgang að vatni. **60 ml túpa**

B-EXPRESS + B-EXPRESS ZERO

NÝTT Vara án sykurs

- ✓ Afar lystugt B-vítamin í fljótandi formi
- ✓ Fyrir hesta sem skortir orku, einnig við feldskipti
- ✓ Fyrir viðkvæma hesta og hesta í mikilli vinnu

Fóðrunarleiðbeiningar:

Hestur	Daglega		
500 kg	30 ml	2	1
350 kg	15 ml	1	½

Blandað í kjarnfóður.
1 glas = 15 ml / 1 skammtapumpa (seld sér) = 30 ml **1 lítri / 5 lítrar**

MAGNESIUM

- ✓ Magnesíum og fosfór - auðnýtanlegur
- ✓ Notast þegar magnesíuminnihald í fóðri er lágt
- ✓ Magnesíumskortur getur m.a. gert hesta hvekkta og heft þroska liða og vöðva

Fóðrunarleiðbeiningar:

Hestur	Daglega	
500 kg	10 – 20 g	1 – 2
350 kg	5 – 10 g	½ – 1

Blandað í daglegan kjarnfóðurskammt.
1 glas = 10 g. **1,5 kg**

Ég hef notað Blue Hors vörurnar í mörg ár með góðum árangri og því er auðvelt fyrir mig að mæla með þeim.

Vissulega er alltaf best að taka blóðprufu til að fá úr því skorið hvað hestinn vantar ef grunur er um að eitthvað sé ekki í lagi sem mætti bæta með bætiefnagjöf.

Það er líka gaman að segja frá því að oftar en ekki láta viðskiptavinirnir sjálfir í ljós ánægju sína með vörurnar frá Blue Hors og það er mín reynsla að þeir sem byrja að gefa hestum sínum Blue Hors vörurnar halda sig við þær áfram. Stór hluti okkar fremsta hestafólks notar Blue Hors fyrir sína hesta og hefur gert lengi.

Rúna Einarsdóttir,
Fyrrum heimsmeistari í hestaíþróttum og reiðkennari

NERVES & ENERGY

Notar hesturinn þinn orkuna rétt?
Bætiefni sem styðja við orkubúskap hestsins.

ENERGY CONTROL PERFORMANCE

- ✓ Lystug og auðnýtanleg orka fyrir afrekshesta
- ✓ Inniheldur sólber, sítrus, hunang og rafvaka (elektrólýta)
- ✓ Skilvirk orka og aukið þrek

AUKIN ORKA FYRIR KEPPNI OG SÝNINGU

Fóðrunarleiðbeiningar:
Í keppni og mikilli þjálfun

Hestur	Daglega	
500 kg	200 – 300 g	2 – 3
350 kg	150 – 200 g	1½ – 2

Gefið hestum með minni orkuþarfir minni skammta.
Hentar hestum fyrir og meðan á keppni stendur.
Hefjið gjöf 3-4 dögum fyrir keppni.
Daglegt hámark: 100 g pr. 100 kg líkamsþunga.
1 glas = 100 g

2,8 kg

RELAX / RELAX GEL

- ✓ Bætiefni fyrir hesta sem hættir til viðkvæmni
- ✓ Getur aukið einbeitingu - sljóvgar ekki
- ✓ Gefið daglega eða við sérstök tilefni

Fóðrunarleiðbeiningar Relax:

Hestur	Daglega	
500 kg	50 ml	3½
350 kg	25 ml	1⅔

Blandað við fóðurbæti. Best er að nota Blue Hors Relax reglubundið og gefist 1-2 tímum fyrir þjálfun/keppnir. Þegar áhrifa gætir má minnka skammt um helming og ef þörf krefur auka aftur í fullan skammt á 3-4 dögum.

Fóðrunarleiðbeiningar Relax Gel:

Hestur	Daglega	
500 kg	60 ml	1
350 kg	40 ml	⅔

1 túpa = 60 ml. Gefið um munn c.a. 1-2 tímum áður en áhrifa er óskað.

1 lítri / 60 ml túpa

FEED SUPPLEMENT – MELTING

Bætiefni sem styðja við aukið heilbrigði hestsins.

PSYLLIUM HUSK

- ✓ Psyllium klíð - gegn uppsöfnun sands í þörmum
- ✓ Hátt innihald trefja
- ✓ Styður við heilbrigða þarmastarfsemi

Fóðrunarleiðbeiningar:

Hestur	Útskilnaður á sandi - í c.a. 1 mánuð		Til stuðnings og viðhalds á heilbrigðri meltingu	
	Daglega		Daglega	
500 kg	100 g	2	50 g	1
350 kg	70 g	1½	35 g	¾

Mæliglas fylgir - 1 glas inniheldur 50 grömm.
Tryggið frjálsan aðgang að vatni.
Psyllium klíði er blandað í þurran fóðurbæti eða gefið sér.

3 kg

PSYLLIUM SWEET APPLE

- ✓ Lystugt Psyllium klíð með eplabragði
- ✓ Hjúpar sand í þörmum og skilar honum út
- ✓ Styður við heilbrigða meltingu

Fóðrunarleiðbeiningar:

Hestur	Útskilnaður á sandi - í c.a. 1 mánuð		Til stuðnings og viðhalds á heilbrigðri meltingu	
	Daglega		Daglega	
500 kg	150 g	3	75 g	1½
350 kg	100 g	2	50 g	1

Mæliglas fylgir - 1 glas inniheldur 50 grömm.
Tryggið frjálsan aðgang að vatni.
Psyllium klíði er blandað í þurran fóðurbæti eða gefið sér.

2,5 kg

PSYLLIUM KLÍÐ FYRIR HESTA Í HÓLFUM MEÐ MÖL EÐA SANDI

- Svona virkar Psyllium klíð:

- ✓ Flytur sand úr þörmum með myndun á hlaupkenndum massa þegar það blandast þarmavökva.
- ✓ Seinkar uppbyggingu sykurs og insúlíns í blóði eftir fóðrun heilbrigðs hests.
- ✓ Bætir ástand hægða; stemmir ef þunnt er á hesti og auðveldar hrossi með hægðategðu að skila af sér

Skoðaðu myndband með Blue Hors dýralækninum Ditte Maria Petersen á bluehors.com

FEED SUPPLEMENT – MELTING

Bætiefni sem styðja við aukið heilbrigði hestsins.

PSYLLIUM PELLETS

FYRIR VANDLÁTA HESTA

✓ Psyllium klíð í kögglum - auðveldar útskilnað sands úr þörmum

✓ Hátt trefjainnihald - lágt orkuinnihald

✓ Kjörið fyrir vandláta hesta

Fóðrunarleiðbeiningar:

Hestur	Útlosun á sandi - í c.a. 1 mánuð		Til stuðnings og viðhalds á heilbrigðri meltingu	
	Daglega		Dagligt	
500 kg	100 g	2	50 g	1
350 kg	70 g	1½	35 g	¾

Mæliglas fylgir - 1 glas inniheldur 50 grömm.
Tryggið frjálsan aðgang að vatni. Gefið ekki umfram ráðlagðan dagsskammt.
Psyllium klíði er blandað í þurran fóðurbæti eða gefið sér.

2 kg

GASTROLAR

✓ Notað þegar hestum hættir við mikilli magasýrumyndun

✓ Styður við heilbrigða þarmaflóru og meltingu

✓ Inniheldur lífsnauðsynleg B-vítamín

Fóðrunarleiðbeiningar:

Hestur	Daglega	
500 kg	120 g	4
350 kg	90 g	3

DREIFIÐ DAGLEGUM SKAMMTI Á 2 EÐA FLEIRI GJAFIR.
Notist í c.a. 1-6 mánuði í senn.
Gastrolar er blandað við vatn rétt fyrir gjöf og dreift út á fóðurbæti.
Má einnig gefa þurrt.
1 glas = 1 dl = 30 g
Gott er að leita ráðleggingar dýralæknis áður en þessi vara er gefin eða þegar notkunartímabil er lengt.

2,7 kg

MEIRI HÆTTA ER Á MAGASÁRAMYNDUN HJÁ HESTUM Á HÚSI
Með réttri fóðrun má verja slímhúð magans og ná tökum á vandanum

FEED SUPPLEMENT – VÍTAMÍN & STEINEFNI

Bætefni sem styðja við bætt heilbrigði hestsins.

MULTI FEED

Feed Complex

- ✓ Auðugt af vítamínum og steinefnum á fljótandi formi
- ✓ Sveigjanleg og hagkvæm fóðrun
- ✓ Lystugt bætiefni til daglegrar notkunar fyrir hesta í þjálfun eða keppni

Fóðrunarleiðbeiningar:

	Mikil þjálfun			Létt þjálfun		
Hestur	Daglega			Daglega		
500 kg	60 ml	4	2	30 ml	2	1
350 kg	30 ml	2	1	15 ml	1	½

Blandað í daglegan kjarnfóðurskammt. 1 glas = 15 ml / 1 skammtapumpa (seld sér) = 30 ml

1 lítri / 5 lítrar / 20 lítrar

MINERAL CUBES

- ✓ Vítamín- og steinefnabættur aukabiti fyrir hesta
- ✓ Til að gefa úr hendi - auðvelt og einfalt
- ✓ Má nota árið um kring á húsi eða í haga

Fóðrunarleiðbeiningar:

Hestur	Daglega	
500 kg	100 g	ca. 10 stk
350 kg	75 g	ca. 7 stk

8 kg

ORGANIC ZINC

- ✓ Auðnýtanlegt sink sem styður við heilbrigt ónæmiskerfi
- ✓ Hentar m.a. hestum með húðvandamál
- ✓ Sinkskortur getur m.a. orsakað taugaveiklun í hestum

Fóðrunarleiðbeiningar:

Hestur	Daglega	
500 kg	30 g	1
350 kg	20 g	⅔

1 glas inniheldur c.a. 10 g.
Blandað í daglegan kjarnfóðurskammt.

1,5 kg

TASTY TREATS

- ✓ Hollir og bragðgóðir nammibitar úr jurtaríkinu
- ✓ Innihalda fjölbreytt úrval jurta
- ✓ Lágt sykurinnihald

HOLLT OG BRAGÐGOTT NAMMI

1 kg

Dennis Johansen og Muni fra Bendstrup

FEED SUPPLEMENT – VÖÐVAR/LIÐIR/SINAR

Bætiefni sem styðja við mýkt, styrk og seiglu hestsins.

MUSCLE BUILD

ÁHRIFARÍKT EFNI TIL VÖÐVAUPPBYGGINGAR

- ✓ Náttúruleg hráefni til vöðvauppbyggingar
- ✓ Inniheldur sólber - g auðug af andoxandi C-vítamíni
- ✓ Áhrifaríkt til vöðvauppbyggingar

Fóðrunarleiðbeiningar:

Hestur	Daglega	
500 kg	300 g	3
350 kg	200 g	2

Blandað við kjarnfóður.
Daglegt hámark: 75 g pr. 100 kg líkamsþunga.
Ekki gefa umfram ráðlagt magn og fylgjast skal með einkennum offóðrunar próteins.
Gefið í samráði við fóðurráðgjafa.
1 glas = 100 g.

7,5 kg

MUSCL' E-VITAMIN

DREGUR ÚR HARÐSPERRUM

- ✓ Bætiefni með náttúrulegu E-vítamíni, seleni og lýsíni
- ✓ E-vítamín er andoxunarefni sem hlutleysir eitruð úrgangsefni sem m.a. skaða vöðva í tengslum við álag og minnka þar með hættu á harðsperrum.
- ✓ E-vítamín getur stutt við frjósemi ræktunardýra

Fóðrunarleiðbeiningar:

	Í keppni og mikilli þjálfun		Þegar E-vítamín skortir í daglegu fóðri	
Hestur	Daglega		Daglega	
500 kg	26 – 52 g	2 – 4	13 – 26 g	1 – 2
350 kg	13 – 26 g	1 – 2	6 – 13 g	½ – 1

Blandað í daglegan kjarnfóðurskammt.
1 glas = 13 g

1,5 kg

TOP FLEX

- ✓ Veitir góðan stuðning við liðamót og stoðkerfi
- ✓ Inniheldur náttúrulegt glúkósamín
- ✓ Aukin mýkt og seigla

Fóðrunarleiðbeiningar:

	Ráðlagður skammtur		Í endurheimt	
Hestur	Daglega		Daglega	
500 kg	60 g	2	90 g	3
350 kg	30 g	1	45 g	1½

Daglegt hámark: 20 g pr. 100 kg líkamsþunga.
1 glas = 30 g

1,5 kg

Sem dýralæknir er ég að taka fleiri hundruð blóðsýni á ári. Meðal annars eru öll steinefni og snefilefni greind og undanfarin 15 ár hefur sinkskortur farið vaxandi.
Sink er mikilvægt efni í sambandi við ýmis húð-, hár- og hófvandamál (múkk, lús,hnjúskar, sveppasýkingar, hófvöxtur o.fl.) og gjöf á heyi dugar ekki til að fullnægja sinkþörf. Organic Zink frá Blue Hors er góður valkostur til að auka sink í fóðri hesta.

Dr.med.vet. Susanne Braun, dýralæknir

FEED SUPPLEMENT – ELEKTRÓLÝTAR

Bætiefni sem styðja við steinefna- og vökvabúskap.

ELECTROLYTE LIQUID

- ✓ Fljótandi rafvakar (elektrólýtar) fyrir hesta
- ✓ B-vítamínbætt - B-vítamín eykur orkuvinnslu til að auðvelda endurheimt og eykur átlyst.
- ✓ Blandist í drykkjarvatn eða fóður
- ✓ Gefur tafarlausa orku og kraft
- ✓ Notist m.a við stífa þjálfun eða við keppni

Fóðrunarleiðbeiningar:

Hestur	Daglega	
500 kg	100 ml	2
350 kg	50 ml	1

Hristið vel fyrir notkun. Gefið allt að 100ml í vatn eða fóður.
Gefist eftir erfiða þjálfun/keppni og má einnig endurtakast eftir 3-4 tíma.
Má nota í 1-3 daga eftir hentugleika.
Hesturinn skal ávallt hafa óhindraðan aðgang að vatni.

1 litri

ELEKTROLYTE PERFORMANCE

- ✓ Rafvakablanda (elektrólýtablanda) með viðbættum andoxunarefnunum C og E vítamíni til að minnka frumuskaða og ýta undir endurheimt vöðva
- ✓ Endurnýjar salt og vatnsbúskap eftir svitamyndun. Notist við erfiða þjálfun og keppni
- ✓ Skammtapakkar - þægilegt og handhægt að taka með á mótsstað

Fóðrunarleiðbeiningar:

	Mikil þjálfun		Lítil þjálfun	
Hestur	Daglega		Daglega	
500 kg	60 g	2	30 g	1
350 kg	30 – 45 g	1 – 1½	15 – 30 g	½ - 1

1 poki = 30g
Blandist í kjarnfóður eða gefist uppleyst í vatni með skammtasprautu beint í munn.
Ráðlagt að nota í 1-3 daga.
Endurtakist eftir þörfum.
Hesturinn skal ávallt hafa óhindraðan aðgang að vatni.

TAKTU ÞAÐ MEÐ

Skammtar:: 25 x 30 g

ELECTROLYTE DAILY

- ✓ Saltgjöf. Gefist eftir mikla svitun við daglega þjálfun.
- ✓ Rafvakaskortur (elektrólýtaskortur) getur leitt til lakari afkasta og ofþornunar
- ✓ Rafvakaskortur (elektrólýtaskortur) getur leitt til lakari vöðvavinnu og taugavirkni

Fóðrunarleiðbeiningar:

Hestur	Daglega	
500 kg	50 g	2½
350 kg	35 g	1¾

1 mæliglas = 20 g
Tvöfalda má skammtinn við sérlega erfiða þjálfun og svitamyndun.
Blandist þurrt í kraftfóður.
Ráðlagður notkunartími er 1-3 dagar. Endurtakist eftir þörfum.
Hesturinn skal ávallt hafa óhindraðan aðgang að vatni.

2 kg

ELECTROLYTE RE COVER

- ✓ Rafvakar (elektrólýtar) í maukformi til hraðrar endurheimtar eftir rafvakatap við svitamyndun
- ✓ Þykkni - bragðgott og auðvelt í notkun
- ✓ Hentar sérlega vel fyrir vandláta hesta. Gefist beint í munn

Fóðrunarleiðbeiningar:

Hestur	Daglega	
500 kg	30 ml	1
350 kg	20 ml	⅔

1 túpa = 30ml
Gefist strax eftir þjálfun.
Endurtakist eftir þörfum.
Ráðlagður notkunartími er 1-3 dagar.
Hesturinn skal ávallt hafa óhindraðan aðgang að vatni.

30 ml túpa

FEED SUPPLEMENT

Bætiefni sem styðja við almennt heilbrigði hestsins.

GARLIC & HONEY

- ✓ Hvítlaukur, hunang og C-vítamín á fljótandi formi sem styðja við ónæmiskerfið.
- ✓ Bragðgóð blanda sem eykur heilbrigði og velferð hestsins.

Fóðrunarleiðbeiningar:

Hestur	Daglega		
500 kg	30 ml	2	1
350 kg	20 ml	1⅓	⅔

Blandað við kjarnfóður
1 glas = 15 ml / 1 skammtapumpa (seld sér) = 30 ml **1 lítri**

FERRO SUPPORT

- ✓ Járngjafi með vítamínum og snefilefnum
- ✓ Járngjafi fyrir hesta sem eru lágir í blóði
- ✓ Lágt blóðhlutfall dregur úr flutningsgetu á súrefni til vöðva

Fóðrunarleiðbeiningar:

Hestur	Daglega		
500 kg	30 ml	2	1
350 kg	15 ml	1	½

Blandað við kjarnfóður
Gefi ð í samráði við fóðurráðgjafa.
1 glas = 15 ml / 1 skammtapumpa (seld sér) = 30 ml **1 lítri / 5 lítrar**

COPPER SUPPORT

- ✓ Auðnýtanlegur kopar
- ✓ Hentar fyrir tryppi og fylfullar hryssur
- ✓ Stuðningur við orkunýtingu

Fóðrunarleiðbeiningar:
Ræktunarhryssur og keppnishestar:

Hestur	Daglega	
500 kg	30 ml	2
350 kg	20 ml	1½

Fölöld/tryppi: 5-30 ml á dag.
Blandað við og gefið með daglegum kjarnfóðurskammti.
Gefið ekki umfram ráðlagt magn. **1 lítri**

OMEGA ACTIVE

- ✓ Kaldpressuð hörfræolía rík af Omega 3-fitusýrum
- ✓ Eykur feldgljáa og hefur jákvæð áhrif á-húðvandamál
- ✓ Hefur jákvæð áhrif á meltingu og þar með fóðurnýtingu
- ✓ Sérmeðhöndlað til að bæta upptöku lykilefna

HOLLAR FITU-SÝRUR

Fóðrunarleiðbeiningar:

Hestur	Daglega		
500 kg	60 ml	4	2
350 kg	45 ml	3	1½

Blandað í daglegan kjarnfóðurskammt.
1 glas = 15 ml / 1 skammtapumpa (seld sér) = 30 ml **1 lítri / 5 lítrar**

BIOTIN

MEÐ SINKI OG KOPAR

- ✓ Styður við vöxt og viðhald á heilbrigðum hófum
- ✓ Inniheldur lífrænt sink og kopar
- ✓ Skapar góð skilyrði fyrir heilbrigðan hófvöxt

Fóðrunarleiðbeiningar:

Hestur	Daglega	
500 kg	12,5 g	1
350 kg	9 g	¾

1 glas inniheldur c.a. 12,5 g, þar af 20 mg bíótín.
Blandað við daglegan kjarnfóðurskammt.
Bíótín ber að gefa daglega í minnst 6 mánuði. **1,5 kg**

HIP C-BOOST

- ✓ Rósaaldin eru þekkt uppspretta C-vítamíns og styrkja ónæmiskerfið
- ✓ Hátt trénis- og ávaxtasýruinnihald styður við meltingu
- ✓ Inniheldur þurrkað ávaxtahýði og kjarna úr sólþroskuðum rósanýpum ásamt hreinu C-vítamíni

Fóðrunarleiðbeiningar:

Hestur	Daglega	
500 kg	35 g	1
350 kg	20 g	½

1 glas = 35 g
Blandað í daglegan kjarnfóðurskammt. **1,5 kg**

HEALTH CARE
HEILBRIGÐI

HEALTH CARE – HESTHÚSAAPÓTEK

Þegar skaðinn er skeður er mikilvægt að við séum tilbúin til að takast á við vandann hratt og vel

SKINHEALER

- ✓ Smyrsl fyrir ósýkt sár og fleiður
- ✓ Hefur mýkjandi og græðandi áhrif á húðina
- ✓ Minnkar líkur á örum

Notkunarleiðbeiningar:
Sár:
Berið þunnt lag á viðeigandi svæði.
Setjið ekki umbúðir yfir svæðið.

Hrúður og örvefur:
Nuddið ríkulegu magni af Skinhealer vel inn í örvefinn 1 - 2 á dag.
Svæðið þarf að vera alveg þurrt.

ATH! Biðtími.
Notist ekki seinna en 96 tímum fyrir keppni.

300 g

MILK & HONEY

- ✓ Mýkjandi og rakagefandi áburður
- ✓ Mjólkurfita með hunangi, sheasmjöri, E-vítamíni og rósmarínþykkni
- ✓ Linar kláða

Notkunarleiðbeiningar:

Berið þunnt lag á svæðið.
Notist á hreina og þurra húð.

15 ml

– Sjá myndband með Ditte Maria Petersen, dýralækni Blue Hors, á bluehors.com

EYE CLEAN

- ✓ Til að hreinsa augu og augnsvæði
- ✓ Ertir ekki augnslímhúð
- ✓ Eykur vellíðan hestsins

Notkunarleiðbeiningar:

Setjið 5-6 dropa af Eye Clean í augnkrók og leyfið hestinum að blikka auganu nokkrum sinnum.

Hellið litlu magni af Eye Clean í bómull og hreinsið augnkrók og augnsvæði.

100 ml

WOUND SPRAY

- ✓ Mildur sótthreinsiúði fyrir dýr
- ✓ Notist við yfirborðsskaða á húð
- ✓ Þurrkar upp minni húðáverka

Notkunarleiðbeiningar:

Nota skal Wound Spray úðann beint á viðeigandi svæði.
Fjarlægið fyrst laust hrúður.
Notist á hreina og þurra húð.
Náttúruvænn úði án þrýstilofts.

200 ml

Ég hef notað Blue Hors vörurnar í yfir 8 ár bæði fyrir mín eigin hross og sem dýralæknir.

Blue Hors vörurnar eru einstaklega vandaðar og fyrir mér er einn helsti kosturinn hve breið vörulínan er og hve sérstæð hver vara innan hennar er. Það er því auðvelt að ná sér í þau efni sem hvern og einn hest vantar án þess að þurfa að gefa á sama tíma ofgnótt af öðru sem hestinn vantar ekki.

Milk & Honey er mikið notað í hesthúsinu hjá okkur.
Smá "tips" er að bera kremið í munnvik hestsins, þau haldast einstaklega mjúk sem gerir það þægilegra fyrir hestinn að bera mélin.

Guðríður Eva Þórarinsdóttir, dýralæknir.

HEALTH CARE – HESTHÚSAAPÓTEK

Þegar skaðinn er skeður er mikilvægt að við séum tilbúin til að takast á við vandann hratt og vel

HEALTH CARE
HEILBRIGÐI

THRUSH CARE SPRAY
ÁHRIFARÍKT GEGN HÓFROTI

- ✓ Grundvallar hófhirða
- ✓ Sérlega áhrifarík og hreinsandi virkni
- ✓ Auðvelt í notkun
- ✓ Þurrkar vel upp viðeigandi svæði

Notkunarleiðbeiningar:

Hreinsið hófbotninn vel áður en Thrush Care Spray er úðað í þekjandi lagi á hófbotn og tungu. Látið úðann þorna vel áður en hesturinn er settur í stíu, gerði eða í girðingu. Notist daglega. Oftast er nóg að meðhöndla hestinn nokkrum sinnum. Notist aðeins á hófinn neðanverðan. Hristið fyrir notkun.

250 ml

BARRIER CREAM

- ✓ Ver og mýkir viðkvæma og erta húð
- ✓ Þykkt hvítt krem unnið úr shea smjöri, sinki og glýseríni
- ✓ Myndar verndandi filmu gegn raka og bakteríum á yfirborði húðar
- ✓ Virkar m.a. vel með Skinhealer og má nota fyrir keppni

VENTILATOR

- ✓ Hámarkar súrefnisinntöku hestsins og hreinsar öndunarveginn
- ✓ Frískandi og gott fyrir öndun hestsins.
- ✓ Lystugt og aðlaðandi fyrir hestinn

Fóðrunarleiðbeiningar:

Hestur	Daglega	
500 kg	50 ml	3¼
350 kg	30 ml	2

Blandist samanvið daglega kjarnfóðurgjöf
1 mæliglas = 15 ml

1 lítri

ANTI ITCH

- ✓ Gel gert úr jurtum, sem hefur róandi áhrif á húðina
- ✓ Linar kláða, sérstaklega á fax og taglsvæði
- ✓ Hjálpar til við að halda faxi og tagli flókalausu og auðveldar umhirðu

Notkunarleiðbeiningar:

Berið þunnt lag á viðeigandi svæði. Dreifið vel úr og nuddið varlega inn í húðina.
Ráðlagt er að nota Anti Itch þrisvar daglega fyrstu vikuna, tvisvar daglega í viku 2 og einu sinni á dag í viku 3. Notist eftir þörfum eftir það.

500 ml

HOT & COOL

FYRIR NUDD-MEÐFERÐIR

- ✓ Kælir fyrst og hitar svo
- ✓ Eykur blóðflæði
- ✓ Auðvelt og fljótlegt að nota

Notkunarleiðbeiningar:
Nuddist vel á sinar og vöðva eftir áreynslu.
Fara skal varlega ef nota á umbúðir.
Forðist snertingu við augu og viðkvæma eða sára húð.

500 ml

COOL CLAY

- ✓ Kælandi leir fyrir hesta
- ✓ Dregur hitann úr fótum hestins
- ✓ Notist eftir mikla áreynslu og við daglega umhirðu

Notkunarleiðbeiningar:
Hrærist fyrir notkun. Berið þykkt lag beint á viðeigandi svæði. Látið leirinn sitja á þangað til hann er alveg þurr. Eftir það má bursta hann eða þvo af. Því þykkara lag sem borið er á, því lengur kælir leirinn. Ekki skal binda um fót sem kælileir liggur á.

4 kg

HEALTH CARE – NAUÐSYNJAVÖRUR

Þegar skaðinn er skeður er mikilvægt að takast á við vandann hratt og vel

IODINE 10

✓ Joðupplausn í úðaformi
✓ Afar hentugt til hreinsunar á yfirborðssárum og naflastrengjum
✓ Húðvænt og svíður ekki

Notkunarleiðbeiningar:

Óþynnt Iodine 10 má nota beint á viðeigandi svæði. Notist á hreina og þurra húð.

Við hreinsun á naflastreng má hella Iodine 10 í lítið glas og leggja það stuttlega upp að naflanum.

500 ml

ALOE VERA GEL

✓ 98% hreint gel úr Aloe Vera plöntunni
✓ Aloe Vera plantan hefur í árhundruð verið þekkt fyrir róandi og græðandi eiginleika sína
✓ Árangursríkt gegn kláða, sviða, smásárum, skordýrabitum- og stingjum ásamt sólbruna

Notkunarleiðbeiningar:
Berið þunnt lag af Aloe Vera Gel beint á viðeigandi svæði eft ir þörfum. Notist á hreina og þurra húð.

200 ml

BUZZ ... BURT MEÐ FLUGURNAR!

BUZZ OFF

✓ Sérútbúið, sterk lykt

✓ Eykur velferð hestsins á sumrin

✓ Þegar val á náttúrulegri vöru er mikilvæg fyrir velferð hestins

Notkunarleiðbeiningar:

Berið þunnt lag af Buzz Off á feld hestsins eftir þörfum sem góða hjálp til að viðhalda velferð hestins.

Berið sérstaklega á bak hestsins, undir kviðinn og í kring um augu og eyru.

Forðist að hesturinn fái Buzz Off í augu og munn.

Notist sérstaklega í stilltu og þurru veðri og í kring um ljósaskipti.

500g gel / 1 kg gel / 500 ml úði / 1 lítri úði / 60 ml kúluloki

TAKTU BLUE HORS BUZZ OFF MEÐ Í HESTAFERÐINA!

Bitmý getur komið í veg fyrir að ferðahestar fái þá nauðsynlegu næturhvíld sem þeir þurfa til að takast á við erfiða ferðadaga. Mikilvægt er að bera BLUE HORS Buzz Off á hestinn þegar komið er á náttstað svo hann fái þá hvíld sem hann þarf. Einnig er tilvalið að nota BLUE HORS Buzz Off að morgni dags til þess að fæla flugur frá yfir daginn.

GROOM HORSE – GLANS

Mikið úrval af gæðavörum til útvortis umhirðu
Fyrir hversdaginn og keppnisvöllinn.

SUPER-SHINE

✓ **Feldúði sem gefur skínandi fallegan gljáa**

✓ **Heldur faxi og tagli flókalausu og auðveldar umhirðu**

✓ **Hrindir frá sér ryki og óhreinindum**

Notkunarleiðbeiningar:

Kembið hestinn eins og venjulega og úðið svo þunnu lagi af Super-Shine. Ef hesturinn er nýþveginn má úða Super-Shine yfir rakann feldinn.

Þegar feldurinn er orðinn þurr er nóg að bursta létt yfir hann til að ná fram hinum sérstaka Super-Shine gljáa.

Mun auðveldara verður að hirða um feld, fax og tagl og hesturinn lítur frábærlega út.

670 ml

HOOF SHINE

✓ **Hófglans fyrir allar hófgerðir**

✓ **Auðvelt og fljótlegt í notkun**

✓ **Gefur fallegan gljáa á hófa**

Notkunarleiðbeiningar:

Hófarnir þurfa að vera hreinir og þurrir fyrir notkun Hoof Shine.

Úðið með jöfnum hreyfingum þangað til hófurinn er allur þakinn.

Endurtekin notkun gefur þykkara og slitsterkara lag.

300 ml

SUPER PLAIT

✓ **Faxúði sem auðveldar skiptingu og fléttun á faxi**

✓ **Skipting og fléttur haldast lengur**

✓ **Gefur fallegan gljáa**

Notkunarleiðbeiningar:

Greiðið í gegn um faxið eins og venjulega. Úðið Super Plait beint á faxið fyrir fléttun.

Má nota bæði í þurrt og rakt fax.

Drjúgt í notkun.

500 ml

GROOM HORSE – ÞVOTTUR

Breitt úrval af gæðavörum fyrir ytri umhirðu
Fyrir hversdaginn og keppnisvöllinn

CLICK'N WASH

- ✓ Milt sjampó án ilmefna
- ✓ Amk 25 þvottar
- ✓ Umhverfisvænt
- ✓ Mýkjandi og nærandi
- ✓ Gefur fallegan glans

Notkunarleiðbeiningar:

Setjið slöngutengið á sprautustykkið.
Sjáið til þess að það sitji fast.
Skrúfið frá vatninu þangað til æskilegum þrýstingi er náð.
Stillið vatnsrennslið með því að draga hvíta handfangið afturábak og snúa hvíta takkanum.

1 lítri

WASH'N CARE

- ✓ Mýkjandi og nærandi
- ✓ Gefur fallegan glans
- ✓ Má nota sem áfyllingu á Click'n Wash

Notkunarleiðbeiningar:

Skolið hestinn með volgu vatni.
Nuddið sjampóið inn í feldinn.
Skolið eftir þvottinn.

1 lítri

DELUXE SHAMPOO

- ✓ Lúxussjampó með Aloe Vera
- ✓ Sérlega nærandi og rakagefandi
- ✓ Hentar einnig vel fyrir hunda

Notkunarleiðbeiningar:

Bleytið feldinn
Setjið sjampó í fötu og bætið við vatni
Þvoið hestinn vel með svampi
Skolið vel

500 ml

WHITE MATINÉ

- ✓ Sjampó fyrir hvítan feld sem dregur fram hvíta litinn á feldi, faxi og tagli
- ✓ Feldurinn verður hreinn, mjúkur og fallegur
- ✓ Inniheldur Aloe Vera, sem verndar gegn þurrki

Notkunarleiðbeiningar:

Bleytið feldinn. Setjið sjampó í fötu og bætið við vatni þar til freyðir í fötunni. Nuddið froðunni inni í feldinn með svampi.

Á sérlega skítug svæði skal nudda froðuna vel inn í feldinn og láta bíða í c.a 1 mínútu og skola svo feldinn vel á eftir.

473 ml

AFTER WORK SHAMPOO

- ✓ Örvar blóðflæði í vöðvum eftir erfiðisvinnu
- ✓ Hreinsar og mýkir húð og feld
- ✓ Hentar sérlega vel til þvotta á skrokki og fótum eftir þjálfun

Notkunarleiðbeiningar:

Notið c.a 30ml af sjampói í 1l af vatni. Þvoið hestinn með svampi og nuddið vel, sérstaklega á óhrein svæði. Skolið vel.

Má einnig nota óþynnt og nudda í feldinn með höndum. Látið sjampóið sitja í feldinum í nokkrar mínútur áður en skolað er.

1 lítri

CLEAN & DRY

- ✓ Hreinsun á feldi, faxi og tagli án vatns
- ✓ Auðveld, fljótleg og áhrifarík leið til að losna við óhreinindi
- ✓ Auðveld hreinsun á hvítum feldi, hnakk og gjarðarsvæði, án vatns

Notkunarleiðbeiningar:

Úða má Clean & Dry eða bera það á með klúti eða svampi. Strjúkið svo yfir með þurrum, hreinum og rakadrægum klúti. Burstið yfir feldinn þegar hesturinn er orðinn þurr. Þá er feldurinn orðinn hreinn, glansandi og hrindir frá sér ryki og óhreinindum.

1 lítri

GROOM HORSE – STERKIR OG HEILBRIGÐIR HÓFAR

Breitt úrval af gæðavörum fyrir ytri umhirðu
Fyrir hversdaginn og keppnisvöllinn

HOOF OIL

- ✓ Dökk gæðahófolía
- ✓ Smýgur vel inn og ver hófinn
- ✓ Hentar vel til daglegrar notkunar

Notkunarleiðbeiningar:
Þvoið hófana vel og þerrið með klúti.
Berið Hoof Oil með pensli á hófvegginn.
Bestur árangur fæst með því að láta hófana standa í vatni í 10-15 mínútur áður en olía eða feiti er borin á.

400 ml

HOOF OIL DELUXE

- ✓ Glær hófolía - styrkir og nærir
- ✓ Smýgur hratt inn í hófinn og gefur langvirkandi glans
- ✓ Ver og styrkir hófana

MEÐ LÁRVIÐI

Notkunarleiðbeiningar:

Hreinsið hófana og berið
Hoof Oil Deluxe á utanverðan hófinn.
Má einnig nota í hófhvarfið.
Hentar vel til daglegrar notkunar.

450 ml

HOOF CREAM

- ✓ Hófáburður til að verja hófvegginn
- ✓ Hentar vel til að bera í hófhvarfið
- ✓ Smýgur vel inn og ver hófinn

Notkunarleiðbeiningar:

Þvoið hófana vel og þerrið með klúti. Berið Hoof Cream á hófvegginn með pensli.

Bestur árangur fæst með því að láta hófana standa í vatni í 10-15 mínútur áður en olía eða feiti er borin á.

Ef hófavandamál eru til staðar er mælt með því að gefa hestinum Blue Hors Biotin.

500 g

HOOF TAR

- ✓ Hóftjara til að styrkja þunna og mjúka hófbotna
- ✓ Er fyrirbyggjandi gagnvart hófroti
- ✓ Þurrkar hófbotninn án þess að hindra vatnsupptöku upp í hófinn

Notkunarleiðbeiningar:

Berið á hóftunguna c.a 1 - 2 svar í viku sem fyrirbyggjandi meðferð gegn hófroti.

Virkar vel til að styrkja auma og þunna hófbotna (td ef gerði/hagi er mjög þurrt yfir sumarið). Berist í þeim tilfellum á allan hófbotninn.

500 ml

BITE-STOP

- ✓ Litlaus úði með bitru bragði
- ✓ Kemur m.a í veg fyrir nag á ábreiðum, umbúðum, faxi, tagli ofr.
- ✓ Lyktarlaust og eiturefnalaust
- ✓ Auðvelt í notkun

Notkunarleiðbeiningar:

Úða skal Blue Hors Bite-Stop beint á fax, tagl, ábreiður, umbúðir ofr.

Auðvelt að þvo með mildu þvottaefni.

500 ml

"Notið BITE-STOP beint á þann stað sem hesturinn nagar"

GROOM EQUIPMENT – UMHIRÐA REIÐTYGJA

Áhrifarík lína af umhirðuvörum sem eru sérhannaðar til að hreinsa, mýkja og vernda reiðtygin þín.

LEATHER CLEANER

✓ Fljótandi leðurhreinsir í úðaformi

✓ Djúphreinsar, mýkir og verndar leðrið

✓ Þægileg úðaflaska, auðvelt og fljótlegt í notkun

Notkunarleiðbeiningar:

Fjarlægið óhreinindi og ryk. Úðið Leather Cleaner á leðrið og nuddið með svampi þar til freyðir.

Þurrkið umframfroðu af með hreinum klúti.

Eftir notkun á Leather Cleaner má nota Effect, Golden Classic, Leather Conditioner eða Leather Oil Spray til að ljúka meðhöndlun leðursins.

500 ml

EFFEKT

✓ Allt-í-einu leðurumhirða

✓ Hreinsar, mýkir og gefur fallegan gljáa í einni meðhöndlun

✓ Smýgur hratt inn í leðrið og smitar ekki

Notkunarleiðbeiningar:

Berist jafnt og þunnt á leðrið. Notið svamp eða klút.

Notaðan svamp skal þvo með vatni og sápu eftir notkun.

150 g - svampur fylgir

SADDLE SOAP

✓ Gæða hnakkasápa með glýseríni og Aloe Vera olíu

✓ Hreinsar, mýkir og verndar leðrið

✓ Leðrið verður hreint, mjúkt og lipurt

Notkunarleiðbeiningar:

Nuddið sápunni í leðrið með rökum klúti eða svampi. Látið leðrið þorna og pússið svo með hreinum og þurrum klúti.

Sé leðrið mjög skítugt skal láta sápuna freyða vel og hreinsa hana svo vel af með rökum klúti.

200 g

GOLDEN CLASSIC

✓ Gæða leðurfeiti með bývaxi

✓ Nærandi og mýkjandi klassísk leðurfeiti

✓ Samsett úr allra bestu hráefnum

✓ Lengir líftíma leðursins og heldur því mjúku og lipru

Notkunarleiðbeiningar:

Berist á hreint og þurrt leður með klúti eða svampi.

200 g

GROOM EQUIPMENT – UMHIRÐA REIÐTYGJA

GROOM EQUIPMENT
LEÐURUMHIRÐA

Áhrifarík lína af umhirðuvörum sem eru sérhannaðar til að hreinsa, mýkja og vernda reiðtygin þín

HALTU REIÐTYGJUNUM ÞÍNUM MJÚKUM OG FÍNUM

- ✓ Geymið reiðtygin á þurrum stað
- ✓ Hreinsið leðrið áður en borið er á það
- ✓ Ef leðrið er útsett fyrir raka má með góðum árangri nota Golden Classic þar sem að bývaxið myndar verndandi hjúp
- ✓ Notið olíuúða á svæðin sem erfitt er að komast að með svampi eða klúti
- ✓ Leather Conditioner smýgur hratt inn í leðrið og er auðvelt í notkun - hentar sérlega vel til daglegrar notkunar

LEATHER OIL SPRAY

- ✓ **Úðast auðveldlega - frábær gæði**
- ✓ **Heldur leðrinu mjúku og lipru**
- ✓ **Hrindir frá sér vatni**
- ✓ **Smýgur inn í alla króka**

Notkunarleiðbeiningar:

Leðrið skal vera hreint fyrir meðhöndlun. Úðið Leather Oil Spray á leðrið og látið liggja á í 5-10 mínútur.

Þurrkið svo umframolíuna af með þurrum klúti.

400 ml

LEATHER CONDITIONER

- ✓ **Til meðhöndlunar á leðurvörum**
- ✓ **Verndar leðrið gegn þurrki og lengir líftíma þess**
- ✓ **Gerir leðrið mjúkt og lipurt**

Notkunarleiðbeiningar:

Ef leðrið er mjög skítugt skal það hreinsað fyrir meðhöndlun (td með Saddle Soap eða Leather Cleaner).

Berið Leather Conditioner á með svampi eða klúti og nuddið vel inn í leðrið.

Óþarfi að pússa yfir á eftir.

200 ml

STABLE INTACT

VERNDAÐU FJÁR-FESTINGUNA ÞÍNA

- ✓ **Kemur í veg fyrir nag á innréttingum**
- ✓ **Glært og lyktarlaust gel**
- ✓ **Hrindir frá sér vatni og má einnig nota utandyra**
- ✓ **Auðvelt að bera á með pensli**

Notkunarleiðbeiningar:

Berist með pensli á innréttingar og gerði sem hestar sækja í að naga.

ATH! Notist eingöngu á innréttingar, hentar ekki til notkunar á hest eða búnað

500 g

"Við höfum notað Blue Hors vörurnar í mörg ár með góðum árangri."

"Við notum mest Biotin Complex, B-Express og Multi Feed. Inn á milli tökum við blóðsýni úr hestunum okkar til að sjá hvaða efni þá vantar og notum Blue Hors til að gefa þeim það sem þá skortir. Fyrir mót og kynbótasýningar hefur reynst okkur vel að nota Energy Boost og Relax túpurnar. "

Hanna Rún Ingibergsdóttir og Hjörvar Ágústsson
Reiðkennarar, tamningamenn og hrossaræktendur frá Kirkjubæ

"Re Cover frá Blue Hors er ein af uppáhalds vörunum mínum.

Sem dýralæknir nota ég Re Cover hiklaust í hross sem hafa fengið hrossasótt, verið í erfiðri aðgerð eða lent í ofáreynslu vegna slyss. Sem hestakona nota ég Re Cover í öll hrossin okkar sem fara í kynbótabrautina og í keppni, en einnig er Re Cover nauðsynlegur ferðafélagi í göngur eða aðrar aðstæður þar sem reynir á hestana. Re Cover hjálpar líkamanum við endurheimt og eykur vatnsdrykkju sem hefur margt jákvætt í för með sér, meðal annars minni strengi og minni líkur á hrossasótt vegna of mikils álags."

Sonja Líndal, dýralæknir og reiðkennari

"Til að ná hámarks árangri í keppni er mikilvægt að hesturinn fái næringarríkt fóður ásamt bætiefnum.

Bætiefnin frá Blue Hors hafa reynst mér mjög vel. Ég gef hestunum mínum m.a. Ferro Support sem inniheldur járn sem styður við flutning súrefnis til vöðva. Biotin sem mér finnst hafa gríðarlega góð áhrif á hófa og feld hestsins ásamt Muscle'E vitamin til að tryggja sem besta uppbyggingu vöðva. Einnig hef ég notað Energy Booster, Relax Gel og Electrolyte Re Cover túpurnar eftir þörfum þegar hesturinn þarf að vera upp á sitt allra besta, eins og t.d. fyrir keppni og sýningar.

Ég mæli eindregið með þessum vörum! "

Teitur Árnason, ríkjandi heimsmeistari, Landsmótssigurvegari í A flokki og landsliðsknapi.

"Vörurnar eru margvíslegar og henta til almennrar uppbyggingar og keppnisþjálfunar.

Ég nota Blue Hors vörurnar markvisst í margvíslegu formi. Ég mæli hiklaust með vörunum frá Blue Hors."

Sigurbjörn Bárðarson, landsliðsþjálfari og margfaldur heimsmeistari í hestaíþróttum.

bluehors.com